



Reglur um styrkveitingu og úthlutun tíma í íþróttamannvirkjum og íþróttasvæðum Ísafjarðarbæjar til íþróttafélaga og almennings

1. gr. Markmið

Markmið með æfinga- og keppnisstyrkjum Ísafjarðarbæjar er að kostnaður vegna aðstöðu til íþróttaiðkunar barna og unglunga verði ekki borinn af þeim eða fjölskyldum þeirra. Jafnframt að styðja við afreksíþróttir hjá aðildafélögum Héraðssambands Vestfirðinga (HSV).

Auk þess er markmiðið að raunverulegur kostnaður vegna þeirra íþróttamannvirkja sem Ísafjarðarbær úthlutar samkvæmt reglum þessum verði sýnilegur í rekstri þeirra sem nýta mannvirkin.

2. gr. Styrkhæfni

Styrkveiting nær til félags sem er fullgildur aðili að HSV og hefur farið að lögum sambandsins með öllu. Styrkhæfir eru tímar í íþróttamannvirkjum í eigu Ísafjarðarbæjar. Styrkurinn nær til íþróttæfinga og keppni vegna:

- Barna og unglunga 19 ára og yngri.
- Meistaraflokka í hóp- og einstaklingsíþróttum, þar sem jafnframt er barna- og unglunga-starf.
- Meistaraflokka í hóp- og einstaklingsíþróttum sem keppa í efstu deild í viðkomandi íþróttgreina.
- Íþróttatlaðra.

Æfingar og keppni fyrir öldunga (bumbubolta) í hóp- og einstaklingsíþróttum eru ekki styrkhæfar.

Skóla-, íþrótt- og tómstundanefnd úthlutar tímum í íþróttamannvirkjum Ísafjarðarbæjar til aðildarfélaga HSV. Úthlutunin er byggð á umsóknum aðildarfélaga og því tímamagni sem er í boði í íþróttamannvirkjunum. Aðildarfélögin ráðstafa þeim tímum sem þau fá úthlutað niður á íþróttagreinar og flokka.

Styrkur vegna æfinga miðast við ákveðinn mínútufjölda, fjölda þátttakenda (einstaklinga eða liða), í ákveðinni stærð rýmis, miðast við aldur og er háður skilyrðum um lágmarks iðkenda-fjölda. Gæta skal jafnréttis milli kynja og hópa. Sé um takmarkað magn æfingátíma að ræða, mjög stóra hópa eða aðrar sérþafir sem falla ekki undir almenn ákvæði þessara reglna hefur skóla-, íþrótt- og tómstundanefnd heimild til að nota aðrar viðmiðanir við úthlutun.

3. gr.

Tímaúthlutun til sérsambanda

Æfingar og keppni á vegum sérsambanda í íþróttamannvirkjum Ísafjarðarbæjar eru styrkhæfar með eftirfarandi hætti:

- Ísafjarðarbær úthlutar sérsamböndum lausum tímum í mannvirkjum eftir því sem aðstæður leyfa.
- Íþróttafélög geta af og til þurft að gefa eftir sína æfingátíma fyrir landslið.

4. gr.

Styrktartímabil

Styrkt æfingartímabil í íþróttamannvirkjum eru:

- Vetrarönn – Frá upphafi nýs skólaárs grunnskóla til 31. maí
- Sumarönn - 1. júní að upphafi nýs skólaárs grunnskóla

Íþróttahúsið á Torfnesi er lokað föstudaga, laugardaga og sunnudaga yfir sumarönnina.

5. gr.

Umsókn um styrk

Umsóknir um æfingátíma er skilað til íþrótt- og æskulýðsfulltrúa Ísafjarðarbæjar. Umsóknir vegna vetrarúthlutunar skulu berast í síðasta lagi 1. júní ár hvert. Vegna sumarúthlutunar skulu umsóknir berast í síðasta lagi 1. apríl ár hvert. Í umsókn skal eftirfarandi koma fram:

- Áætlaður fjöldi flokka/hópa sem æfir. Sé æfingahópur skilgreindur á annan hátt en í reglugerð viðkomandi íþróttgreinar þurfa að fylgja nánari skýringar á samsetningu hópsins (aldur, getustig).
- Áætlaður fjöldi iðkenda í hverjum flokki/hóp.
- Óskir um fjöldi æfinga á viku, fjöldi mínútna á æfingu og æfingadagar.
- Annað sem umsækjandi telur vert að taka fram varðandi umsóknina.

Skóla-, íþrótt- og tómstundanefnd úthlutar æfingátímum til félags í samræmi við tiltekinn mínútu fjölda og rými á viku fyrir hvern aldursflokk/hóp (sjá fylgiskjal 1). Ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi kemur til greina að fjölga tímum fyrir ákveðna flokka/hópa t.d. vegna mikils fjölda iðkenda. Leitast skal við að fyrstu drög yfir tímaúthlutun af hálfu skóla-, íþrótt- og tómstundaneftar liggja fyrir í lok júní, hafi gögn frá félagi/félögum borist á réttum tíma. Félög skulu skila inn æfingátíflum félagsins með sundurliðun fyrir deildir og aldursflokka/hópa til skóla- og tómstundasviðs fyrir upphaf æfingartímabils.

6. gr.

Nýting tíma

Að öllu jöfnu skal reynt að ná betri nýtingu á aðstöðu með því að skipta rými niður í minni hluta þar sem það er hægt. Sameina skal æfingar fámennra flokka/hópa. **Börn í 1.-4. bekk æfa ekki á Torfnesi eftir kl. 16:00 á daginn.**

Íþróttafélögum ber að gæta þess að fjöldi iðkenda hverju sinni sé í samræmi við lágmarkskröfur (sbr. fylgiskjal 1). Skóla-, íþrótt- og tómstundanefnd áskilur sér rétt til að meta hvað er góð nýting miðað við aðstæður í hverju tilfelli fyrir sig, að teknu tilliti til gildandi reglna. Tímar sem ítrekað eru illa nýttir verður ráðstafað annað ef ekki eru á því haldbærar skýringar.

Athugasemd [DF1]: Breyting

Ef sérsambönd setja leiki og mót fyrir utan áður auglýstan og upplýstan opnunartíma íþrótta-mannvirkja Ísafjarðarbæjar er það í ábyrgð þess aðildarfélags HSV sem á þann heimaleik/mót að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja aðgengi að mannvirkinu/-um með samskiptum við íþrótta- og æskulýðsfulltrúa. Æskilegt er að tímasetningar á mótum liggi fyrir með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara.

Skóla- og tómstundasvið heldur utan um dagskrá kappleikja í íþróttahúsinu á Torfnesi og á knattspyrnusvæði. Upplýsa skal íþrótta- og æskulýðsfulltrúa um alla kappleiki sem áætlaðir eru. Alla dagskrá er hægt að sjá í lífandi dagatali sem hægt er á nálgast á heimasíðunni lífid.isafjodur.is. Bera íþróttafélög sjálf ábyrgð á að fylgjast með dagtali þar sem kappleikir geta lent á þeirra æfingartíma og fellur þá niður æfing. Gert er ráð fyrir að fyrir leiki fái félag 60 mínútur til upphitunar og uppsetningar í kringum leiki.

7. gr. Viðbótartímar

Þau félög sem telja sig þurfa viðbótartíma við þá tíma sem þau hafa fengið úthlutað skulu tilkynna það til skóla- og tómstundasviðs sem skráir biðlista. Komi upp sú staða að bætist við lausir tímar í byrjun tímabils á haustin frá grunnskólum eða að enn eru afgangstímar eftir venjubundna tímaúthlutun er þeim tímum úthlutað áfram til félaganna eftir þarfagreiningu og biðlista.

8. gr. Skráning og eftirlit

Fyrir hvert mannvirki skulu starfsmenn mannvirkjanna fylla út mætingaskýrslur. Í mætingaskýrslu eru skráðar upplýsingar um iðkendafjölda, flokk/hóp (aldur), kyn og æfingu eða keppni. Sé um að ræða breytingar á æfingatöflu, t.d. vegna keppni, skal koma fram skýring í mætingaskýrslu. Enn fremur skal í mætingaskýrslu skrá skýringar á ónýttum æfingartíma.

Skóla-, íþrótta- og tómstundanefnd tekur saman afrit af mætingaskýrslum reglulega.

Mætingaskýrslurnar eru forsendur styrkveitinga. Einnig ber félagi að tilkynna um breytingar á æfingatöflum svo fljótt sem auðið er.

Óheimilt er að framselja úthlutaðum æfingartíma/-um án samþykkis forstöðumanns íþrótta-mannvirkja. Vilji félag skila úthlutaðum æfingartímum skal tilkynna það til skóla-, íþrótta- og tómstundanefndar sem úthlutar tímum til annarra félaga.

Félögin skulu tilkynna til íþróttamannvirkis tímanlega og eins fljótt og auðið er ef æfingar falla niður af einhverri ástæðu. Skóla-, íþrótta- og tómstundanefnd er heimilt að fylgjast með að notkun tíma sé í samræmi við æfingatöflu.

9. gr. Styrkur í formi aðstöðu

Styrkir í formi aðstöðu og húsaleigu til aðildarfélaga HSV eru gjaldfærðar millifærslur hjá Ísafjarðarbæ vegna notkunar íþróttafélaga á íþróttamannvirkjum bæjarins. Ekki er átt við greiðslu á fjármunum til íþróttafélaga heldur reiknaðan kostnað vegna notkunar á íþróttamannvirkjunum í samræmi við rekstrarkostnað íþróttamannvirkjanna hverju sinni. Enginn æfingartími er styrkhæfur nema sótt hafi verið um hann og hann samþykktur af Ísafjarðarbæ. Þetta á bæði við um æfingar og keppni í íþróttamannvirkjum Ísafjarðarbæjar.

10. gr.

Ábyrgðaraðili æfingatíma og upplýsingaskylda til íþróttamannvirkja

Samkvæmt 8. grein viðauka og skýringa með reglum menntamálaráðuneytisins frá 2002 um öryggismál í íþróttahúsum mega æfingar hjá börnum og unglingum eingöngu fara fram undir stjórn ábyrgs aðila. Til að teljast ábyrgðaraðili þarf þjálfari að vera orðinn 18 ára gamall. Iðkendur geta sótt um leyfi til að æfa á eigin ábyrgð (sjá fylgiskjal 3).

Í öllum íþróttamannvirkjum skulu liggja fyrir upplýsingar frá öllum félögum og deildum um alla þjálfara félagsins. Starfsmenn íþróttamannvirkjanna eiga ávallt að geta náð í þjálfara félaganna.

Íþróttafélögum ber að tilkynna forstöðumönnum íþróttamannvirkja niðurfellingu á æfingatímum og allar breytingar.

Þjálfara ber að hefja og ljúka æfingu innan þess tíma sem honum er úthlutað, frágangur áhalda á einnig að vera innan tímans.

Iðkendum er heimilt að fara inn í íþróttasal/æfingasal þegar þjálfari er mættur og þjálfari skal tryggja að iðkendur hafi yfirgefið íþróttasalinn/æfingasalinn þegar æfingu er lokið og áður en þjálfari yfirgefur svæðið.

Forsenda fyrir því að félög fá tíma úthlutaða frá Ísafjarðarbæ samkvæmt þessu er að fylgja þeim reglum sem settar eru hér fram.

11. gr.

Forgangur skóla

Grunnskólar Ísafjarðarbæjar og Menntaskólinn á Ísafirði hafa fyrsta forgang að notkun íþróttamannvirkja á skólatíma. Því næst er það íþróttaskólinn, svo íþróttafélög og að lokum almennir tímar. Í undantekningartilfellum leigir Ísafjarðarbær út íþróttamannvirki fyrir stóra viðburði í sveitarfélaginu.

Forstöðumaður íþróttamannvirkja ákvarðar tímaramman í hverju mannvirki þegar stundaskrár grunn- og framhaldsskólanna liggja fyrir.

Leitast skal við að íþróttæfingar aðildarfélaga hefjist eins fljótt og hægt er eftir að íþróttakennslu líkur í íþróttamannvirkjunum.

Forgangsröðun:

1. Grunn- og framhaldsskólar (einstaka tilfellum leikskólar)
2. Íþróttaskólinn
3. Íþróttafélög
4. Lýðskólinn á Flateyri
5. Aðrir

12. gr.

Almenn ákvæði

Skóla- og tómstundasvið annast framkvæmd þessara reglna og verði ágreiningur um einstök atriði þeirra skal honum vísað til skóla-, íþrótt- og tómstundanefndar.

Ef þurfa þykir skulu þessar reglur vera endurskoðaðar á tímabilinu maí til og með júní ár hvert.

Viðmiðin sem eru í fylgiskjólum er Ísafjarðarbæ heimilt að uppfæra árlega ef þörf þykir m.a. vegna breytinga í Íþróttamannvirkjum í Ísafjarðarbæjar sbr. 2. gr. reglnanna.

13. gr. Íþróttamannvirki

Eftirfarandi íþróttamannvirki falla undir þessar tímaúthlutunarreglur:

- Íþróttahúsið á Torfnesi
- Knattspyrnusvæði á Torfnesi
- Sundhöll Ísafjarðar
- Íþróttahúsið Austurvegi
- Íþróttamiðstöð Suðureyri
- Íþróttamiðstöð Flateyri
- Íþróttamiðstöð Þingeyri
- Skíðasvæði Ísafjarðarbæjar

14. gr. Undantekningar og frávik

Úthlutun æfinga- og keppnistíma í eftirfarandi mannvirki sætir að öllu leyti eða að hluta til fráviki frá þessum reglum.

Skíðasvæði Ísafjarðarbæjar

Fulltrúi Skíðafélags Ísfirðinga ásamt forstöðumanni Skíðasvæðis Ísafjarðarbæjar koma saman í ágúst ár hvert og skipuleggja æfingamagn og æfingatíma skíðafélagsins á komandi vetri á báðum skíðasvæðum.

Golfvöllurinn

Golfklúbbur Ísafjarðar ráðstafar öllum tímum á golfvöllinum til handa iðkendum félagsins.

Um aðrar undantekningar eða frávik frá þessum reglum þarf að sækja sérstaklega til skóla-, íþrótt- og tómstundaneftndar.

Fylgiskjöl reglnanna

Fylgiskjal 1

Íþróttamannvirki – viðmið fyrir lágmarksfjölda á æfingu á hverjum klukkutíma í eftirfarandi í-
þróttamannvirkjum:

- Íþróttahúsið á Torfnesi, lágmarksfjöldi á æfingu í heilum sal – 15
- Íþróttahúsið á Torfnesi, lágmarksfjöldi á æfingu í 2/3 af sal – 10
- Íþróttahúsið á Torfnesi, lágmarksfjöldi á æfingu í 1/3 af sal – 6
- Íþróttahúsið á Austurvegi, lágmarksfjöldi á æfingu – 8

Fylgiskjal 2

Viðmiðunartímar á viku fyrir hvern aldurshóp/flokk:

Viðmiðunartímar á viku fyrir hvern aldurshóp/flokka

Aldurshópur	Fótbolti, flokkar	Handbolti, flokkar	Karfa, flokkar	Blak, flokkar	Tímar á viku
5 ára ≥	8. fl.	Leikskólahópur	Leikskólahópur		1
6-7 ára	7. fl.	8. fl.	MB 6 ára		2
7-8 ára	7. fl.	8. fl.	MB 7 ára		2
8-9 ára	6. fl.	7. fl.	MB 8 ára		3
9-10 ára	6. fl.	7. fl.	MB 9 ára		3
10-11 ára	5. fl.	6. fl.	MB 10 ára	U10	3
11-12 ára	5. fl.	6. fl.	MB 11 ára	U10	3
12-13 ára	4. fl.	5. fl.	7. fl.	U12	4
13-14 ára	4. fl.	5. fl.	8. fl.	U12	4
14-15 ára	3. fl.	4. fl.	9. fl.	U15	5
15-16 ára	3. fl.	4. fl.	10. fl.	U15	5
16-17 ára	2. fl.	3. fl.	11. fl.	U16	6
17-18 ára	2. fl.	3. fl.	12. fl.	U16	6
18-19 ára	2. fl.	3. fl.	Ungmennaflokkur	U18	6
19-20 ára	Mfl.	Mfl.	Ungmennaflokkur	Mfl.	7,5
20 ára ≤	Mfl.	Mfl.	Mfl.	Mfl.	7,5

Fylgiskjal 3

Upplýst samþykki um að æfa á eigin ábyrgð

Ég veiti hér með samþykki mitt fyrir því að

Nafn iðkanda og kennitala

hafi heimild til að iðka _____ á eigin ábyrgð í íþróttahúsum Ísafjarðarbæjar. Iðkandanum hefur verið gert grein fyrir því að hann sé þar á eigin ábyrgð og skuldbindur sig til að:

- Virða tímamörk á úthlutuðum tímum.
- Láta undantekningarlaust vita af sér í afgreiðslu við hverja komu.
- Hleypa ekki öðrum en þeim sem hafa heimild inn í salinn.
- Fylgja öllum reglum er gilda um íþróttahúsið.
- Umgangast æfingaaðstöðuna af virðingu.
- Ganga vel um aðstöðuna og ganga frá eftir sig.
- Láta starfsfólk vita ef eitthvað kemur uppá, t.d. búnaður skemmist.

Ég hef kynnt mér þær reglur sem gilda og hef brýnt fyrir mínum iðkanda að fara eftir þeim í einu og öllu.

Nafn forráðamanns og kennitala

Staðfesting þjálfara eða forráðamanns deildar

Undirskrift forstöðumanns íþróttahúss

Ef ekki farið að þessum reglum er áskilin réttur til að afturkalla samþykkið tafarlaust.